# 30. ÁRSÞING L. H.

Landssamband hestamannafélaga

2. – 3. nóvember 197~~8~~9

# FUNDARGERÐ

30. ársþing L.H.

haldið að Flúðum í Hrunamannahreppi 2. og 3. nóvember 1979, í boði hestamannafélagsins „Smára".

## DAGSKRÁ

**Föstudagur 2. nóvember**

| | |
|---|---|
| Kl. $11^{00}$ | Þingsetning: Albert Jóhannsson form. L.H. |
| - $11^{10}$ | Kjörbréfanefnd skilar áliti: Kristján Guðmundsson, Fáki. |
| - $11^{20}$ | Tilnefning þingforseta. |
| - $11^{25}$ | Ávörp: Landbúnaðarráðherra Bragi Sigurjónsson.<br>Ávarp frá Dr. Isenbügel flutt af Pétri Behrens.<br>Formaður Búnaðarfélags Íslands Ásgeir Bjarnason |
| - $12^{15}$ | Matarhlé |
| - $13^{15}$ | Kosnir ritarar og teljarar.<br>Skýrsla stjórnar. Albert Jóhannsson.<br>Reikningar. Haraldur Sveinsson.<br>Umræður um skýrslu stjórnar. |
| - $16^{00}$ | Kaffihlé |
| - $16^{30}$ | Tillögur lagðar fram. |
| - $18^{00}$ | Nefndir hefja störf |

**Laugardagur 3. nóvember**

| | |
|---|---|
| Kl. $10^{00}$ | Nefndarálit og umræður. |
| - 12-13 | Matarhlé. |
| - $13^{00}$ | Framh. nefndarálita og umræður. |
| - $15^{30}$-$16^{00}$ | Kaffihlé. |
| - $16^{30}$ | Kosningar. Kosið verður:<br>a) Ritari, vararitari<br>b) Gjaldkeri, varagjaldkeri<br>c) Endurskoðendur, varaendurskoðendur. |
| - $18^{00}$ | Þingslit. |
| - $19^{30}$ | Hestamannafélagið Smári býður þingfulltrúum og mökum þeirra til sameiginlegs borðhalds. |
| - $22^{00}$ | Kvöldvaka með skemmtiatriðum. Dansað til kl. 2 við undirleik hljómsveitar Stefáns P. |

Aðgöngumiðar að kvöldvöku á kr. 4.000.-

Landssambands hestamannafélaga var haldið að Flúðum í Hrunamannahreppi 2. og 3. nóv. 1979 og hófst kl. 11 f.h. Hestamannafélagið Smári sá um undirbúning og móttökur á fundarstað.

1. Formaður L.H. Albert Jóhannsson setti þingið með ávarpi og bauð hann fulltrúa og gesti velkomna til þingsins. Sérstaklega bauð hann velkomna landbúnaðarráðherra Braga Sigurjónsson og Ásgeir Bjarnason, formann Búnaðarfélags Íslands. Þá minntist hann tveggja látinna forystumanna í röðum L.H., þeirra Kristján Vigfússonar, Reykjavík og Þorsteins Kristinssonar, Dalvík.

2. Formaður kjörbréfanefndar Kristján Guðmundsson gerði grein fyrir athugun kjörbréfa og las upp nöfn rétt kjörinna fulltrúa, sem eru þessir:

| | | |
|---|---|---|
| Hestamannafélagið | Andvari: | Sverrir Hallgrímsson |
| | | Sigurður Thoroddssen |
| " " | Blakkur: | Sigurgeir Guðbrandsson |
| " " | Dreyri: | Samúel Ólafsson |
| | | Ómar Þór Jóhannesson |
| | | Úrsúla Árnadóttir |
| " " | Fákur: | Guðmundur Ó lafsson |
| | | Valdimar Jónsson |
| | | Jón Björnsson |
| | | Hjördís Björnsdóttir |
| | | Ingi Lövdal |
| | | Bergur Magnússon |
| | | Þorlákur Ottesen |
| | | Brynjólfur Sandholt |
| | | Daði Runólfsson |
| | | Gísli B. Björnsson |
| | | Gunnar Steinsson |
| | | Páll A. Pálsson |
| | | Ragnar Tómasson |
| | | Sveinbjörn Dagfinnsson |
| | | Sigurbjörn Bárðarson |
| | | Kristján Guðmundsson |
| " " | Faxi: | Friðgeir Friðjónsson |
| | | Guðrún Fjeldsted |
| | | Árni Guðmundsson |
| | | Ólöf Guðbrandsdóttir |
| " " | Feykir: | Guðmundur Theodórsson |
| " " | Funi: | Jónas Vigfússon |
| | | Hjalti Jósepsson |
| " " | Geysir: | Sigurður Haraldsson |
| | | Magnús Finnbogason |
| | | Steinþór Runólfsson |
| | | Eggert Pálsson |
| | | Ágúst Ingi Ólafsson |
| | | Árni Jóhannsson |
| | | Einar Magnússon |
| " " | Glaður: | Hólmar Pálsson |
| | | Kristján Jónsson |
| | | Jón Hólm Stefánsson |
| " " | Glófaxi: | Sævar Pálsson |
| | | Hjálmar Björgólfsson |
| " " | Glæsir: | Gunnar Guðmundsson |
| | | Kristján Jónsson |
| " " | Grani: | Stefán Haraldsson |
| | | Ásberg Salomonsson |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hestamannafélagið | | Gustur: | Hreinn Árnason |
| | | | Bergur Haraldsson |
| | | | Páll Valmundsson |
| | | | Stefán Pálsson |
| | | | Björn Sigurðsson |
| | | | Bjarni Sigurðsson |
| " | " | Háfeti: | Guðni Karlsson |
| | | | Ágúst Valmundsson |
| " | " | Hornfirðingur: | Guðmundur Jónsson |
| | | | Sigfinnur Pálsson |
| | | | Eysteinn Jónsson |
| | | | Þrúðmar Sigurðsson |
| " | " | Hringur: | Ármann Gunnarsson |
| | | | Ingvi Baldvinsson |
| " | " | Hörður: | Hreinn Ólafsson |
| | | | Birna Hauksdóttir |
| | | | Kristján Þorgeirsson |
| | | | Jón Leví Tryggvason |
| " | " | Kinnskær: | Þráinn Hjálmarsson |
| " | " | Kópur: | Gísli Kjartansson |
| | | | Ásgeir Jónsson |
| " | " | Léttfeti: | Sveinn Guðmundsson |
| | | | Sigurjón Gestsson |
| | | | Guðmundur Ó. Guðmundsson |
| " | " | Léttir: | Árni Magnússon |
| | | | Páll Alfreðsson |
| | | | Hólmgeir Valdimarsson |
| | | | Ragnar Ingólfsson |
| | | | Jón Ól. Sigfússon |
| | | | Matthías Gestsson |
| " | " | Ljúfur: | Tómas Antonsson |
| | | | Sæmundur Ingibjartsson |
| | | | Sigurbjörg Jóhannesdóttir |
| " | " | Logi: | Gunnlaugur Skúlason |
| | | | Þráinn Jónsson |
| | | | Guðmundur Gíslason |
| " | " | Máni: | Þórarinn Þórarinsson |
| | | | Sigtryggur Árnason |
| | | | Viðar Jónsson |
| " | " | Neisti: | Ævar Þorsteinsson |
| | | | Grímur Gíslason |
| | | | Leifur Sveinbjörnsson |
| " | " | Óðinn: | Guðmundur Valtýsson |
| | | | Einar Höskuldsson |
| " | " | Sindri: | Halldór Gunnarsson |
| | | | Jóhann Albertsson |
| | | | Sigurlaug Gunnarsdóttir |
| | | | Sigurjón Guðmundsson |
| " | " | Sleipnir: | Magnús Hákonarson |
| | | | Steingrímur Viktorsson |
| | | | Birgir Guðmundsson |
| | | | Snorri Ólafsson |
| | | | Jón Ólafsson |
| | | | Gunnar B. Gunnarsson |
| " | " | Smári: | Rosemarie Þorleifsdóttir |
| | | | Haraldur Sveinsson |
| | | | Sigurður Sigmundsson |
| | | | Leifur Eiríksson |
| | | | Þorgeir Vigfússon |



| | | | |
|---|---|---|---|
| Hestamannafélagið | | Snarfari: | Jón Pálsson |
| " | " | Snæfellingur: | Högni Bæringsson |
| | | | Ólafur Kristjánsson |
| | | | Bernt H. Sigurðsson |
| | | | Leifur Kr. Jóhannesson |
| " | " | Stígandi: | Sveinn Jóhannsson |
| | | | Sigurður Ingimarsson |
| | | | Magnús Jóhannsson |
| | | | Skafti Steinbjörnsson |
| " | " | Snæfaxi: | Ragnar Sigfússon + mætti ekki |
| " | " | Stormur: | Jón Guðjónsson + mætti ekki |
| | | | Björgmundur Guðmundsson + mætti ekki |
| " | " | Sörli: | Halldór Einarsson |
| | | | Sigurður Adolfsson |
| | | | Sigurður Sæmundsson |
| | | | Gunnar Arnarson |
| | | | Jón Pétur Ólafsson |
| " | " | Trausti: | Friðgeir Stefánsson |
| | | | Guðmundur B. Þorkelsson |
| " | " | Þjálfi: | Agnar Kristjánsson |
| | | | Halldór Valdimarsson |
| " | " | Þráinn: | Bergvin Jóhannsson |
| " | " | Þytur: | Garðar Hannesson |
| | | | Eggert Karlsson |
| " | " | Freyfaxi: | Jón Bergsson |
| | | | Gunnar Egilson |
| | | | Guðmundur Þorleifsson |
| | | | Benedikt Sigfússon |
| " | " | Gnýfari: | Andrés Kristinsson + mætti ekki |
| | | | Gunnar Þór Magnússon |
| " | " | Seyður: | Þórdís B ergsdóttir |

Auk þessara fulltrúa voru mættir stjórnarmenn þeir Albert Jóhannsson, Egill Bjarnason, Hjalti Pálsson, Jón Guðmundsson, Haraldur Sveinsson og framkvæmdastjóri L.H. Pétur Hjálmsson. Auk þess 4 varamenn, en sumir þeirra voru fulltrúar. Þá var mættur á þinginu Þorkell Bjarnason, hrossaræktarráðunautur og auk þess fleiri gestir, s.s. form. B.Í. Ásgeir Bjarnason og landbúnaðarráðherra Bragi Sigurjónsson.

Álit kjörbréfanefndar var samþykkt athugasemdalaust.

3. Tilnefning þingforseta.
   Forsetar þingsins voru kjörnir: Birgir Guðmundsson, Sleipni og Ingólfur Bjarnason, Smára.

4. Kosning ritara og teljara:
   Þingforseti gerði uppástungu um eftirtalda menn sem ritara þingsins og var það samþ.:

   Björn Sigurðsson, Gusti
   Ragnar Tómasson, Fáki
   Leifur Kr. Jóhannesson, Snæfellingi
   Magnús Finnbogason, Geysi
   Jónas Vigfússon, Funa

Teljarar voru kjörnir: Kristján Þorgeirsson, Herði, Skafti Steinbjörnsson, Stíganda og Hjördís Björnsdóttir, Fáki til vara.

5. Þá fluttu ávörp landbúnaðarráðherra Bragi Sigurjónsson og formaður Búnaðarfélags Íslands Ásgeir Bjarnason. Árnuðu þeir Landssambandi hestamannafélaga allra heilla í tilefni 30 ára starfsafmælis um leið og þeir báru fram þakkir til sambandsins fyrir fórnfúst áhugamannastarf á liðnum árum.

6. Framkvæmdastjóri Pétur Hjálmsson afhenti öllum aðildarfélögum eintak af lögum og reglum L.H. í lausblaðaformi. Auk þess geta félögin fengið eintök keypt eftir þörfum.

   Matarhlé var gefið til kl. 13<u>15</u>, en þá hófst fundur að nýju.

7. Skýrsla stjórnar.
   Formaður L.H. Albert Jóhannsson flutti skýrslu stjórnar:

Ágætu þingfulltrúar.

Þegar litið er til baka yfir það starfsár sem nú er á enda runnið einkennist það í mínum huga af því að stjórnin hefur á þessu tímabili þurft að taka mikilvægar ákvarðanir sem svarað hefur verið með mótmælum eða mótmælaaðgerðum af þeim sem talið hafa þessar ákvarðanir sér óvilhollar. Er enn ekki séð fyrir hvaða afleiðingar þetta hefur í för með sér. Persónulega el ég ugg í brjósti þegar ég hugsa til framtíðarinnar, ef þetta á að verða gildandi regla innan samtaka okkar. Ég leyfi mér að benda á að stjórn L.H. hefur hvorki getað eða viljað víkja sér undan þeim skyldum sem henni eru lagðar á herðar. Hún hefur lagt sig fram um að kynna sér málavexti og aðstæður og síðan tekið ákvarðanir sínar að vel yfirveguðu ráði. Engin von er til þess að allir séu sammála, en hér sem annars staðar verður meiri hlutinn að ráða og minni hlutinn að sætta sig við það. Annað er ekki lýðræði.

Þá vil ég fyrst greina frá því máli sem ég tel varða mestu fyrir L.H. en það er ráðning framkvæmdastjóra. Eins og þingfulltrúa rekur minni til sýndi síðasta ársþing þann stórhug að hækka verulega árstillagið til L.H. með það fyrir augum að ráðinn yrði framkvæmdastjóri hluta úr starfi. Stjórn L.H. hefur lengi átt sér þann draum og það er fullvissa okkar að þetta muni valda straumhvörfum í starfsemi L.H. Til þessa hefur framkvæmd svo til allra þeirra mála sem vísað hefur verið til stjórnarinnar legið á herðum stjórnarmanna. Engum hefur verið það betur ljóst en okkur sem sitjum í stjórn L.H. að þetta þýðir í reynd seinagang í framkvæmd mála og ekki á að þurfa að ræða það frekar svo augljóst sem það er. Ég vil aðeins benda á að félögum í L.H. hefur fjölgað ört á undanfarandi árum en það þýðir meiri umsvif, meiri vinnu. Ég minni líka á að megin hluti þess fjármagns sem L.H. hefur úr að spila kemur frá hestamannafélögunum, en þau hafa jafnframt staðið undir allri þeirri geysilegu uppbyggingu sem átt hefur sér stað á þeirra vegum um land allt og má þar nefna kappreiðavelli og byggingar sem þeim fylgja, tamningastöðvar, hesthúsbyggingar, félagsheimili o.s.frv. Þetta vil ég að menn geri sér ljóst áður en stjórn L.H. verður með sanngirni sökuð um áhugaleysi eða dugleysi. Ég vonast líka til að þegar næsta starfsár er liðið sjáist glögglega, að ráðning framkvæmdastjóra þýðir nýjan fjörkipp í okkar félagsstarfsemi og því munu allir fagna, ekki síst stjórnin. Svo sem síðar mun að vikið í skýrslu þessari stóð stjórnin í fjárfrekum framkvæmdum í sambandi við útgáfumál. Það hafði í för með sér að við sáum okkur ekki fært að ráða framkvæmdastjórann fyrr en á síðari hluta starfsársins enda skilar hækkun árgjalda sér ekki fyrr en ári eftir að hún er samþykkt.

Auglýst var eftir framkvæmdastjóra og bárust umsóknir frá Kristínu B. Jónsdóttur og Gísla B. Björnssyni. Rætt var við þessa umsækjendur en annmarkar taldir á ráðningu þeirra m.a. vegna búsetu Kristínar utan Reykjavíkur og kaupkröfu Gísla. Varð því að ráði að leitað var til Péturs Hjálmssonar, ráðunauts en Pétur hefur um árabil setið í varastjórn L.H. og gegnt þar margvíslegum störfum og auk þess gripið í starf erindreka eftir föngum. Á vegum Bf. Ísl. hefur hann verið framkvæmdastjóri tveggja síðustu landsmóta. Málið var rætt við stjórn Búnaðarfélags Íslands og tók hún málaleitan okkar vel og veitti samþykki sitt. Pétur var því ráðinn að hálfu til L.H. frá 1. okt. en starfar þó að sumrinu eingöngu á vegum Bf. Ísl.



Ég vil nota þetta tækifæri til að bjóða Pétur sérstaklega velkominn til starfa. Fáir eru kunnugri okkar málefnum en hann og stjórn L.H. lítur einnig svo á að ráðning hans muni treysta enn frekar ágætt samstarf Bf. Ísl. og L.H. Mörg verkefni bíða Péturs í næstu framtíð, en hann mun hafa aðsetur ýmist á skrifstofu L.H. í Félagsheimili Fáks eða á skrifstofu sinni hjá Bf. Ísl. Stjórn L.H. og ritstjóri Hestsins okkar hafa afnot af skrifstofunni í Fáksheimilinu auk þess sem öll okkar gögn verða áfram geymd þar. Þá fær L.H. einnig nokkra fyrirgreiðslu á skrifstofu Bf. Ísl. hvað varðar vélritun, fjölritun o.þ.h.

Útgáfumál tóku sem fyrr verulegan hluta af starfstíma stjórnarinnar. Í vetur kom út bókin Hesturinn minn. Bókin er hin snotrasta og vandaðasta og hefur að ég best veit hlotið ágætar viðtökur. Er mér ljúft að nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim sem að hafa unnið. Bók þessi mun vissulega bæta úr brýnni þörf. Stjórn L.H. braut upp á þeim nýmælum að gefa hestamannafélögunum kost á að annast sölu hennar í stað þess að setja hana til dreifingar í bókaverslanir. Með þessu hugðumst við tryggja skjóta og góða sölu hennar og jafnframt skapa hestamannafélögunum nokkra tekjumöguleika. Því miður höfum við orðið fyrir nokkrum vonbrigðum og þessar vonir ekki ræst og hefur sala bókarinnar verið fremur dræm. Vona ég að úr rætist með haustdögunum þegar hestamenn hefja sín félagsstörf að nýju. Má vera að útgáfutími bókarinnar ráði hér nokkru. Ef þessi tilhögun mælist vel fyrir og gengur vel er ekkert því til fyrirstöðu að halda áfram á sömu braut með aðrar þær bækur sem L.H. gefur út.

Strax að afloknu síðasta ársþingi var hafist handa um að undirbúa endurútgáfu á Lögum og reglum L.H. Hefur það verið seinunnið verk. Samræma þurfti reglur þessar og rita að nýju og bæta inn þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá því að síðasta útgáfa kom. Leitað var tilboða í prentun og ákveðið að offset- fjölrita reglurnar. Loks er búið var að lesa prófarkir og fjölrita þetta, stóð á efni í möppurnar en að síðustu var einnig þeirri hindrun rutt úr vegi og nú hefur þetta hefti séð dagsins ljós. Mappa þessi verður til sölu á skrifstofu L.H. og hjá Pétri Hjálmssyni. Henni verður nú dreift ókeypis til stjórna hestamannafélaganna. Að beiðni nefndar þeirrar sem endurskoðaði starfsreglur fyrir gæðingadómara var útgáfu þeirra frestað um sinn vegna hugsanlegrar endurskoðunar og stjórn L.H. ákvað að gefa kappreiðareglurnar ekki út fyrr en þetta þing hefði fjallað um þær. Með því að gefa Lög og reglur L.H. út í lausblaðaformi er ætlunin að unnt verði að endurnýja þetta eftir þörfum eða bæta við.

Þá er nýkomið út kennslukver fyrir reiðskóla og byrjendur í hestamennsku. Ber það heitið SPRETT ÚR SPORI og er gefið út í vasabókarformi. Nefnd vann að þessum málum á vegum L.H. og veitti Hreinn Árnason henni forstöðu. Samdi hún bók þessa en Friðþjófur Þorkelsson tók myndirnar. Öllum flyt ég þeim þakkir og veit að bók þessi mun koma í góðar þarfir.

Mörg verkefni bíða úrlausnar á þessu sviði en e.t.v. er betra að vera fáorður um þau en láta verkin tala þess í stað.

Lítil breyting hefur orðið á útgáfu Hestsins okkar. Ritstjóri er hinn sami svo og ritnefnd. Í tilefni af tvítugsafmæli blaðsins á þessu ári samþykkti ritnefnd blaðsins að láta ljósprenta elstu árgangana sem hafa verið ófáanlegir um langt skeið. Geta menn nú eignast blaðið frá byrjun og er það vel. Þá hefur ritnefndin samþykkt í tilefni afmælisins að gera umtalsverðar breytingar á útliti blaðsins og mun það koma í ljós með næsta árgangi hverjar þær eru. Ég vil af þessu tilefni skora á þingfulltrúa og aðra sem blaðinu kunna að vinna að velferð þess og útbreiðslu. Nýir áskrifendur eru besta afmælisgjöfin. Ef áskrifendum fjölgar ekki í sama hlutfalli og félögum í L.H. er ekki nógu vel að unnið.

Á síðasta sumri var haldið fjórðungsmót á Norðurlandi. Mót þetta tókst vel en bar þó svip af þeirri ótíð sem yfir land vort hefur gengið. Í sambandi við fjórðungsmótin og umræðu sem nýlega hefur orðið um þau er rétt að vekja athygli á því að L.H. er þar ekki framkvæmdaaðili og stjórn L.H. hefur því aðeins sótt um leyfi til stjórnar Bf. Ísl. til að halda þessi mót að eftir því hafi verið

óskað af þeim sem mótin halda hverju sinni. Um þetta hafa ekki verið í gildi neinar fastar reglur.

S.l. vor fjallaði sýningarnefnd Bf. Ísl. og L.H. um tillögur ársþings um niðurröðun fjórðungs- og landsmót. Kaus nefndin þrjá menn úr sínum hópi til að ganga á fund stjórnar L.H. og kynna málin þar. Kom í ljós á fundi þessum að nefndin finnur ýmsa annmarka á þessari tilhögun m.a. að eftir sem áður verður öðru hvoru óeðlilega langt á milli fjórðungsmóta ef landsmótin færast milli fjórðunga og fjórðungsmótum er raðað með tilliti til þess. Nefndin óskar eftir að mál þessi verði rædd við hrossaræktarsamböndin og hefur áhuga á að brúa þetta bil að nokkru leyti með héraðssýningum. Mál þetta þarfnast því frekari íhugunar og umræðu áður en það verður endanlega afgreitt.

Stjórn Bf. Ísl. hefur samþykkt að fjórðungsmót verði í sumar haldin samkvæmt áðurnefndri ályktun þ.e. á Vesturlandi og Austurlandi. Er rétt að víkja lítillega að þeirri ákvörðun. Þegar ljóst var að tregða var á að samþykkja fjórðungsmót á Austurlandi hafði stjórn L.H. samband við heimamenn og benti á þá leið vænlegasta til að koma máli þessu í höfn að fá búnaðarsamböndin þar eystra til samstarfs. Þegar það mál hafði náð fram að ganga sótti ég um leyfi til Bf. Ísl. til að halda mótið og barst jákvætt svar nú nýlega. Er vel að mál þetta leystist á þann veg er allir mega við una en um leið harma ég þá tilraun sem gerð var til að gera störf stjórnar tortryggileg í augum almennings og þeirra austanmanna og undirstrika það að þar hefur alltaf ríkt hin besta samvinna.

Nokkrar nefndirhafa starfað á vegum stjórnarinnar. Er þar fyrst að geta að stjórnin tilnefndi þá Jón M. Guðmundsson, Ragnar Tómasson og Hrein Árnason í nefnd er undirbúa skyldi ráðstefnu um kappreiðadóma samkvæmt ákvörðun síðasta ársþings. Var ráðstefna þessi haldin og tókst vel en var fremur illa sótt. Í framhaldi af henni ákvað stjórnin að fela nefnd þessari að starfa áfram og vinna að endurskoðun kappreiðalaganna og mun hún væntanlega skila áliti síðar hér á þinginu.

Þá kaus stjórn L.H. þrjá menn í nefnd til að endurskoða starfsreglur fyrir gæðingadómara. Í henni áttu sæti Sigurður Haraldsson, Sigurður Thoroddsen og Eyjólfur Ísólfsson. Nefndin lauk störfum og samdi reglur sem birtar voru til bráðabyrgða í Hestinum okkar en munu síðar koma í möppu þá sem hefur að geyma lög og reglur L.H. Tvö dómaranámskeið voru haldin á Norðurlandi undir stjórn Sigurðar Haraldssonar. Var annað að nokkru leyti endurhæfingarnámskeið fyrir dómara er áður höfðu hlotið réttindi. Óskir bárust frá tveimur hestamannafélögum á Suðurlandi og S.-Vesturlandi um dómaranámskeið. Ljóst er að þörf er fyrir vaxandi fræðslu á þessu sviði, en stjórn L.H. lítur svo á að óvarlegt sé að raska því „valdajafnvægi" ef svo má segja, sem verið hefur hvað varðar skiptingu á fjölda dómara milli einstakra félaga, en vill stuðla að lausn þessara mála með því að heimila námskeið á Suðurlandi í vor jafnframt því að slík námskeið verði haldin í tengslum við fjórðungsmótin eins og verið hefur og hefur nýlega samþykkt ályktun þess efnis.

Um fjármál get ég verið stuttorður enda mun gjaldkeri gera grein fyrir þeim nú á eftir. S.l. haust var gerður samningur milli Félags tamningamanna og stjórnar L.H. um kaup og kjör tamningamanna og reiðkennara. Er það öllum til góðs að þau mál komust á fastan grundvöll og leystust farsællega.

Fulltrúar úr samstarfsnefndinni um rekstur Skógarhóla ræddu við stjórn L.H. Samþykkt var að ræða við Þingvallanefnd um framhalds yfirráð yfir Skógarhólum. Tími vannst þó ekki til þess á síðastliðnu vori og í haust hefur ástand stjórnmálanna hér á landi hindrað þessar viðræður.

Á síðastliðnum vetri barst stjórn L.H. bréf frá landbúnaðarráðuneytinu þar sem óskað var eftir því að stjórnin tilnefndi mann í nefnd er landbúnaðarráðherra hygðist skipa og gera ætti tillögur og athuganir í markaðsmálum og athuga á hvern veg auka mætti gildi hrossaræktar sem búgreinar fyrir íslenskan landbúnað. Fyrir valinu varð Albert Jóhannsson. Nefnd þessi hefur haldið nokkra fundi. Er hér að mínum dómi hið merkasta verkefni sem getur haft ómælda þýðingu fyrir hestamennsku og hrossarækt ef vel tekst til um störf nefndarinnar og hugur fylgir máli hjá stjórnvöldum.



Í vetur skrifaði stjórn L.H. skipulagsyfirvöldum og óskaði eftir að gerðar yrðu tillögur um á hvern hátt mætti tengja saman reiðleiðir á höfuðborgarsvæðinu þannig að auðveldara yrði um öll samskipti milli þeirra. Tók skipulagsstjóri ríkisins máli þessu vel og fékk til starfsins Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt. Hefur hann unnið að þessu verkefni síðan, rætt málin við stjórn L.H. og viðkomandi hestamannafélög og nú nýlega sent okkur bráðabyrgðaskýrslu. Málið er tekið fyrir á víðari grundvelli en við ætluðumst fyrir í fyrstu og nær m.a. yfir hesthúsbyggingar o.fl. Er það vel að þetta svið er nú tekið föstum tökum og munu hestamenn á umræddu svæði vissulega njóta góðs af í framtíðinni.

Þá kem ég að verkefni því er varðar girðingar á áningarstöðum á fjallvegum. Var það álit stjórnarinnar að ekki áraði vel til þess að ræða við landeigendur um aukin afnot af afréttarlöndum með þessu móti, en girðingar þessar munu vissulega auðvelda hestamönnum ferðir á hestum um hálendið og auka strauminn þangað. Þó voru á árinu undirritaðir samningar milli stjórnar L.H. og landeigenda um girðinguna sem á síðasta ári var reist á Hveravöllum. Var það mál erfitt viðfangs og gildir þessi samningur aðeins til þriggja ára og er stjórnin óánægð með þær niðurstöður sem fengust, en hér er um að ræða gamalt deilumál um land milli norðanmanna og Sunnlendinga og lendum við því miður óafvitandi í því. Augljóst virðist vera að hér þurfi að gera verulegt átak í næstu framtíð ef leysa á þessi mál um girðingar á áningarstöðum á þann veg að allir megi vel við una. Framkvæmdir geta orðið kostnaðarsamar og tímafrekar og fjölmargir aðilar koma við sögu er semja þarf um þessi afnot lands við upprekstrarfélög og sveitarstjórnir. Gefur þetta eina mál sem þegar hefur verið á dagskrá nokkra vísbendingar þar um. Eftir er líka að fjalla um hvaða leiðir skuli ræða og röðun verkefna þar.

Stjórnin lét á árinu gera tillögur að félagsmerki fyrir L.H. Fékk hún það verk Jóni Kristinssyni teiknara og bónda að Lambey í Fljótshlíð. Óhætt er að segja á þessu stigi málsins að tillögur hans séu nýstárlegar og frumlegar og eru þær nú í frakari úrvinnslu.

Þessi Íslandsmet hafa verið staðfest á liðnu starfsári:

1. Í 1500 m brokki: Funi Marteins Valdemarssonar, sett að Skógarhólum 14. júlí 1978. Tími: 3.02,5 mín.
2. Í 800 m stökki. Þróttur Tómasar Ragnarssonar, sett á Vindheimamelum 29. júní 1979. Tími 58,9 sek.
3. Í 150 m. skeiði: Gustur frá Varmadal, sett að Vindheimamelum 5. ág. 1979. Tími: 15,0 sek.
4. Í 250 m skeiði: Skjóni frá Móeiðarhvoli, sett á Vindheimamelum 5. ágúst 1979. Tími: 21,6 sek.
5. Í 250 m stökki: Don frá Hofsstöðum, sett á Vindheimamelum 5. ágúst 1979. Tími: 17,6 sek.
6. Í 300 m stökki: Léttfeti frá Efra-Hvoli, sett að Vindheimamelum 5. ág. 1979. Tími: 20,8 sek.
7. Í 350 m stökki: Glóa frá Egilsstöðum, sett á Vindheimamelum 5. ágúst 1979. Tími: 23,9 sek.
8. Í 800 m stökki: Reykur frá Bæ í Borgarfirði, sett á Vindheimamelum 5. ágúst 1979. Tími: 57,6 sek.

Þá afgreiddi stjórn L.H. metumsókn þá er fyrir lá frá síðasta hausti varðandi afrek Fannars í 250 m skeiði er unnið var á Lagarfljótsbrú. Kynnti hún sér málið ítarlega og var samþykkt að hafna staðfestingu á þeim forsendum að aðstæður hefðu verið óeðlilegar, enda voru ákvæði þar að lútandi ófullnægjandi í kappreiðalögum L.H. Um þetta má að sjálfsögðu deila en stjórnin var sammála um að það væri í anda kappreiðalaganna að hafna þessari staðfestingu og benda má á að ákveðnar reglur gilda á sviði frjálsra íþrótta um þetta atriði enda þótt að við höfum ekki til þessa séð ástæðu til að kveða fastar á í okkar kappreiðalögum. Stjórn hestamannafélagsins Freyfaxa hefur mótmælt þessari afgreiðslu.

Snorri Ólafsson form. Íþróttaráðs L.H. kom til fundar við stjórn L.H. og greindi frá starfsemi ráðsins og voru málin rædd þar af vinsemd. Er það vel að íþróttaráð starfar af áhuga, enda veitir starfsemi ráðsins nýju blóði í þennan þátt félagsstarfsins og gefur fleiri félögum möguleika á að vera þátttakendur í leik og starfi.

Reiðskólastyrk hlutu eftirtalin hestamannafélög:

| | | |
|---|---|---|
| Sleipnir | kr. | 16.000.- |
| Kópur | " | 10.000.- |
| Léttir | " | 40.000.- |
| Gustur | " | 44.000.- |
| Fákur | " | 80.000.- |
| Sindri | " | 10.000.- |
| Þytur | " | 10.000.- |
| Samtals | kr. | 210.000.- |

Reiðvegafé hefur enn ekki verið úthlutað en það verður gert á næsta stjórnarfundi. Til úthlutunar þar eru rúmlega 3 millj. kr.

Þá er þess að geta að nefnd sú sem fjalla skyldi um aðild L.H. að FEIF hefur hafið störf. Er ljóst að mörg ljón eru þar í veginum. Breyta þarf lögum FEIF til að L.H. geti fengið inngöngu þar sem Bf. Ísl. er sambandsaðili fyrir Íslands hönd og einnig er ljóst að þetta er fjárhagslega ókleift fyrir L.H. en árgjald til FEIF er 1 sv. franki á hvern félaga í aðildarfélögum sem þýðir miðað við núverandi gengi rúml. 1.2 millj. hvað L.H. varðar.

Nokkur bréfaskipti urðu á árinu milli dómarafélagsins og stjórnar L.H., sem m.a. átaldi stjórn L.H. fyrir að fela því ekki umsjá endurhæfingarnámskeiða fyrir gæðingadómara o.fl. Stjórn L.H. svaraði því til að eðlilegt væri að bíða með slíkt þar til dómarafélagið hefði formlega hlotið inngöngu í L.H. Einnig vildi dómarafélagið fá meðmæli stjórnar L.H. til að láta fara fram umfangsmikla könnun á viljaprófun á fjórðungsmótinu í sumar sem stjórn L.H. taldi ekki í sínum verkahring að hafa afskipti af enda benti hún á að dómaranámskeið væri eðlilegri starfsvettvangur fyrir þess háttar kannanir.

Þá kem ég að lokum að því sem nefna mætti mál málanna þ.e. ákvörðun stjórnar L.H. um landsmótsstað 1982. Þingfulltrúar minnast þess sjálfsagt að síðasta ársþing samþykkti ákvörðun þess efnis að ákveða skyldi innan árs frá því landsmót er haldið hvar hið næsta skuli vera. Var svo gert. En ákvörðun þessi virðist ætla að hafa í för með sér ófyrirséðar afleiðingar og því er rétt að rekja gang þeirra mála nokkuð nánar en annars hefur verið gert í skýrslu þessari.

Stjórn L.H. kaus að þessu sinni þrjá menn úr sínum hópi til að skoða staði þá er til greina kæmu og kanna aðstæður allar. Var sami háttur hafður hér á og fyrir landsmót 1974 og 1978. Voru nú eins og 1974 stjórn og varastjórn L.H. boðuð til fundar til að taka þessa ákvörðun og er það m.a. gert í þeim tilgangi að fleiri fái möguleika á að fjalla um málið. Á fundi þessum var það síðan rætt og nefnd sú sem skoðaði væntanlega mótsstaði greindi frá könnun sinni í smáatriðum. Niðurstöður féllu á þann veg að Vindheimamelar í Skagafirði urðu fyrir valinu. Voru þó stjórnarmenn ekki allir á sama máli og má segja að það sem milli bar hafi annars vegar verið það að meiri hlutinn taldi ógerlegt að byggja þessa ákvörðun á öðru en þeirri aðstöðu sem fyrir lægi í dag en minni hlutinn vildi reyna á hvort hægt væri að nota þann tíma er til stefnu væri til að gera aðstöðuna viðunandi á Melgerðismelum.

Eftir að þessi ákvörðun hafði verið gerð heyrum kunn barst stjórn L.H. bréf frá stjórnum þriggja hestamannafélaga í Eyjafirði. Var þar ákvörðun þessari mótmælt harðlega og hótað úrsögn úr L.H. ef henni yrði ekki breytt. Stjórn L.H. lýsti undrun sinni yfir þessum viðbrögðum og svaraði því til að ekkert nýtt hefði komið fram er réttlætti að fyrri ákvörðun skyldi breytt, en hún mundi gera nánari grein fyrir afstöðu sinni hér á þinginu. Hvað síðan hefur gerst er ykkur mörgum kunnara en mér. Ber vissulega að harma þá stefnu sem málið hefur tekið og er vandséð hverjar afleiðingarnar verða. Áður en þið dæmið gerðir stjórnarinnar vil ég mælast til að eftirfarandi atriði séu höfð í huga:



1. Stjórn L.H. hefur alltaf ráðið staðarvali landsmóta þó að ársþing hafi stundum ákvarðað í hvaða landsfjórðungi þau skulu haldin.
2. Í lögum L.H. segir að stjórnin ráði öllum málefnum sambandsins milli ársþinga. Það er því ljóst að stjórninni bar að taka þessa ákvörðun.
3. Stjórnin kannaði aðstæður áður en hún tók ákvarðanir sínar og ræddi þær ítarlega. Ásakanir um að svo hafi ekki verið gert eru úr lausu lofti gripnar.
4. Í desember s.l. lýstu eigendur Melgerðismela yfir því á fundi norðlenskra hestamannafélaga, að staðurinn gæti ekki tekið við fjórðungsmóti 1979. Ekkert hafði verið gert fyrir staðinn þegar við þremenningarnir komum þar í sumar og var hann í sama ástandi og hér er lýst og uppdráttur sá sem nú er búið að gera yfir mótssvæðið var gerður í okt. 1979. Áætlun Ævars Hjartarsonar um endurbætur lá heldur ekki fyrir þá en barst stjórninni sama dag og fundurinn var haldinn.
5. Með því að fela ársþinginu að ákveða staðarval landsmóta er verið að afhenda þeim landsfjórðungi sem flesta fulltrúa hefur á þinginu vald til að ákvarða hverju sinni hvar mótin skuli haldin. Ég tel að þetta fyrirkomulag bjóði frekari flokkadráttum heim og að stjórninni sem hlutlausum aðila beri ákvörðunarvald í þeim efnum.
6. Ekkert svæði á að mínu mati forgangsrétt á landsmótum og ekki er hægt að ákveða þeim stað á þeirri forsendu að annar aðili hafi fengið síðasta mót. Áhorfendur og sýnendur eiga kröfu á því að besti staðurinn sé valinn hverju sinni. Fjárhagssjónarmið einstakra félaga á heldur ekki að ráða úrslitum.
7. Það er ekki rétt sem haldið hefur verið fram að stjórnin hyggist með ákvörðun sinni útiloka aðra mótsstaði en Skógarhóla og Vindheimamela enda hefur hún engin tök á að hafa áhrif á gerðir þeirra stjórna sem í framtíðinni ráða málum L.H.
8. Stjórn L.H. leggur á það höfuðáherslu að með því að skjóta máli þessu til ársþings nú er verið að veikja aðstöðu okkar jafnt inná við sem útávið, og gera henni ókleift að starfa ef hægt er að nota ársþing til að afturkalla eða breyta ákvörðunum sem stjórnin hefur tekið og síðasta ársþing falið henni að framkvæma. Stjórnin leggur ennfremur áherslu á að hér sem annars staðar verði meiri hlutinn að ráða.

Góðir þingfulltrúar. Ég hef verið margorður um þetta mál enda tel ég það skipta sköpum fyrir okkur í framtíðinni hver afgreiðsla þess verður hér á þinginu. Ég endurtek óskir mínar um að þið setjið ykkur í okkar spor og látið ekki stjórna gerðum ykkar augnablikssjónarmið. Vissulega hef ég frá því er ég leit Melgerðismela fyrst hrifist af þeim stað og ekki efast um ágæti hans né heldur dugnað eða stórhug þeirra sem þar stjórna, og ég er líka sannfærður um að við hestamenn eigum í framtíðinni eftir að njóta margra ánægjustunda á þessum tilkomumikla stað í fjórðungs- og landsmótum sem þar verða haldin. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að meiri hluta stjórnar L.H. fannst sú stund enn ekki upp runnin að hægt væri að mæla með staðnum að þessu sinni. Því var þessi umdeilda ákvörðun tekin á þennan veg.

Að lokum vil ég svo þakka öllum þeim fjölmörgu sem lagt hafa hönd á plóginn og unnið að málefnum L.H. á liðnum árum og áratugum. Ég þakka félögum mínum í stjórninni ánægjulegt samstarf svo og hrossaræktarráðunaut Bf. Ísl. Ég endurtek að þrátt fyrir þær blikur sem nú eru á lofti horfi ég vongóður til framtíðarinnar. Vissulega mun okkur takast að leysa málin á farsælan hátt ef við getum rætt þau af sanngirni og tekið okkar ákvarðanir í samræmi við það. Þá mun sá áratugur sem við nú leggjum á verða okkur braut farsældar og frama.

8. Reikningar

Haraldur Sveinsson gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum sambandsins svo og reikningum „Hestsins okkar". Reikningarnir voru lagðir fram fjölritaðir til allra fulltrúa og áritaðir af kjörnum endurskoðendum.
Reikningunum var vísað til fjárhagsnefndar.

9. Hófust nú umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Þessir tóku til máls:
<u>Jónas Vigfússon</u>, Funa ræddi um skipulag á mótssvæði Melgerðismela. Eyfirðingar eru óánægðir með staðarval landsmóts 1982.
<u>Gunnar Egilson</u>, Freyfaxa: Samstaða á að vera leiðarljós svo sem Albert sagði, en það býðir ekki að gagnrýni sé ekki leyfileg, ef hún er málefnaleg. Hann rakti síðan skiptingu fjórðungsmóta á undanförnum árum. Vildi fá fast skipulag á niðurröðun fjórðungsmóta. Þá taldi hann synjun á meti Fannars á Lagarfljótsbrú brot á reglum og lögum L.H.
<u>Árni Magnússon</u>, Létti, taldi að rúm tímamörk á ákvörðun L.H. stjórnar í sambandi við staðarval sé hugsuð til að endurbætur séu mögulegar. Þess vegna finnst Eyfirðingum ákvörðun stjórnar óviðunandi. Viðurkenni þó að lítið hefur verið unnið að endurbótum á Melgerðismelum undanfarið, en væri nú í fullum gangi. Eyfirðingar vilja fá fram rök fyrir staðarvali.
<u>Þorkell Bjarnason</u>, horssaræktarráðunautur vildi ekki meting um staðarval á þinginu. Hann gaf síðan skýringu á röð fjórðungsmóta milli landsmóta og sagði frá umræðum í sýninganefnd Búnaðarfélags Íslands. Þá benti hann á möguleika á fjölgun sýninga með héraðssýningum milli stærri móta, sem hægt er að halda eftir óskum manna í einstökum héruðum.
<u>Albert Jóhannsson</u> svaraði fyrirspurnum ræðumanna.
<u>Ólafur Sigfússon</u>, Létti, taldi svör Alberts ófullnægjandi, minnti á 3 ára aðlögunartíma og vék að fundargjörð stjórnar L.H. frá 10.7. ´79 þar sem fram kom boð frá Skagfirðingum um að halda landsmót 1982.
<u>Pétur Hjálmsson</u> framkvæmdastjóri, taldi fyrrnefnda bókun ekki rétta, sem vitnað var til af Ólafi og væri þar sér um að kenna. Lagði hann til að þessi mál yrðu leyst annars staðar, en á þinginu.
Minntist hann síðan á bókina „Hesturinn minn" og bað félögin að gera skil fyrir hana sem fyrst.
<u>Hreinn Árnason</u>, Gusti, þakkaði stjórninni góð störf, minnti á að þessi störf eru sjálfboðavinna. Taldi hann þó of mikinn seinagang á stjórnarverkum. Vítti hann að „Dagur hestsins" á Melavelli skyldi auglýstur á degi Gusts, sem ákveðinn var af mótanefnd.
<u>Matthías Gestsson</u>, Létti, vítti þá framkomu Péturs Hjálmssonar framkv.stjóra að stinga upp á dagskrártillögu um frávísun á landsmótsstaðarmálinu. Hann lagði áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og taldi eðlilegt að kosið yrði á þinginu um staðarval landsmóts 1982.
<u>Jón Bergsson</u>, Freyfaxa, taldi miður, að úfar risu út af staðarvali landsmótsins. Þá ræddi hann um samþykkt landsþingsins á Höfn um fjórðungsmót og taldi að stjórn L.H. hefði ekki sinnt því máli nægjanlega vel.
<u>Guðmundur Birkir Þorkelsson</u>, Trausta, þakkaði stjórn störf og skýrslu. Taldi hann óþarfa að safna í sjóði og betra að nýta þá í þarfa hluti. Þá lýsti hann þeirri skoðun sinni, að landsþingið færi (hæstiréttur) með æðsta vald í málefnum sambandsins hverju sinni og eðlilegt væri að málum væri vísað til þingsins ef um ágreining væri að ræða. Hann taldi staðarval ekki alltaf hafa verið framkvæmt þannig, að besti staðurinn væri valinn. Margir væru fylgjandi Skógarhólum sem landsmótsstað, en þá yrði eitthvað að gera staðnum til góða.
<u>Skúli Kristjónsson</u>, Faxa taldi ekki vafamál, að stjórn L.H. hefði ákvörðunarvald um val á landsmótsstað. Þetta þing gæti ekki ákveðið næsta landsmót, frekar hefði það verið þingið í fyrra, sem hefði átt að ákveða það. Hann taldi héraðssýningar æskilegar.
<u>Egill Bjarnason</u> stjórnarmaður gerði ýtarlega grein fyrir vinnubrögðum, er farið var að skoða Melgerðismela og Vindheimamela við val á landsmótsstað. Egill sagði Melgerðismela í sama ástandi og á fjórðungsmótinu 1976, er þeir voru skoðaðir á s.l. sumri. Var Agli falið að ræða við Melgerðismela s/f. Meira yrði fram að koma, en hugmyndir og fyrirætlanir heimamanna áður en stórmóti yrði ákveðinn staður þar.
Síðastur á mælendaskrá var formaður L.H.
<u>Albert Jóhannsson</u>. Svaraði hann nokkrum athugasemdum. Fór hann yfir umræðurnar og taldi að andrúmsloftið hefði hreinsast. Var nú þessi liður tekinn út af dagskrá og gefið kaffihlé.



10. Lagt fram álit milliþinganefndar um kappreiðareglur. Framsögumaður var Jón M. Guðmundsson, Reykjum. Skýrði hann nefndarálitið, en á því eru nokkrar breytingar við gildandi reglur.
Álitinu var vísað til mótanefndar.

11. Snorri Ólafsson formaður íþróttaráðs L.H. gerði ýtarlega grein fyrir störfum ráðsins frá upphafi.

12. Tillögur lagðar fram.

Tillaga frá Andvara í Garðabæ um að dregið sé um röð gæðinga á stærri mótum. Vísað til mótanefndar.
Tillaga um formannaráð L.H. sem skipuð yrði formönnum allra aðildarfélaga og kallað saman árlega, með tillögurétti, en ekki ákvörðunarvaldi. Vísað til allsherjarnefndar.
Sverrir Hallgrímsson talaði fyrir báðum tillögum Andvara.

Þrúðmar Sigurðsson flutti tillögu um skipulagningu fjórðungs- og landsmóta. Kosin væri 5 manna milliþinganefnd til að fjalla um þetta mál. Tillögunni vísað til mótanefndar.

Sr. Halldór Gunnarsson, Holti brá á léttari strengi um tákn myndar í fundarsal. Vék hann síðan að „Hestinum okkar", kvartaði undan deyfð formanna við að skila efni í blaðið. Flutti síðan tillögu um að meginreglan yrði sú, að áskrift að „Hestinum okkar" fylgi félagsaðild. Tillögunni vísað til allsherjarnefndar.

Valdimar Jónsson, Fáki flutti tillögur félagsins um breytingar eða viðbót við kappreiðareglur L.H. varðandi góðhestakeppni unglinga.
Þá flutti sami maður tillögu frá Fáki varðandi reglur um, að ekki verði leyft að nota ýmis lyf fyrir kappreiðahross. Vísað til allsherjarnefndar.
Ennfremur flutti hann tillögur um
a) ráðstefnu um fyrirkomulag hestaþinga
b) aukna þekkingu á ferðalögum á hestum og leiðbeiningar þar um.
c) fullgildingu keppnisvalla
d) viðræða við samtök bænda um ferðalög um landið á hestum.
e) að hverjum knapa sé aðeins heimilt að sína einn hest í hverjum flokki gæðinga.
Þessum 5 tillögum var vísað til mótanefndar.

Gunnar B. Guðmundsson, Sleipni flutti tillögu um að dómkerfi gæðinga verði ekki breytt, nema það sé prófað á velli.
Vísað til mótanefndar.

Magnús Hákonarson, Sleipni flutti tillögu um dómaranámskeið í hverjum fjórðungi, minnst annað hvort ár.
Vísað til fræðslunefndar.

Hreinn Árnason, Gusti flutti tillögu um áningastaði. Vísað til allsherjarnefdar.
Ennfremur tillögu um leiðbeinendur til fræðslu fyrir hin ýmsu hestamannafélög á námskeiðum fyrir gæðingadómara. Vísað til fræðslunefndar.

Jón Sigurðsson, Skipanesi form. Dómarafélags Íslands flutti tillögur um breytingar á reglugerð um gæðingadóma og starfsreglur dómara.
Tillögunum vísað til mótanefndar.

Jónas Vigfússon, Funa flutti tillögur um útgáfu kynbótadóma í lausblaðaformi og um skýrsluskildu fyrir stærri mótum til L.H.
Fyrri tillögunni var vísað til kynbótanefndar, en þeirri síðari til mótanefndar.

Rosemarie Þorleifsdóttir, Smára, flutti tillögu um breytingar á reglum um gæðingakeppni. Var henni vísað til mótanefndar.
Einnig flutti hún tillögu um breytingu á skipan Íþróttaráðs.
Vísað til allsherjarnefndar.

Jón Ólafur Sigfússon, Létti flutti tillögu þess efnis að næsta landsmót (1982) verði haldið að Melgerðismelum í Eyjafirði.
Var tillögunni vísað til mótanefndar.

Ármann Gunnarsson, Hring flutti tillögu um það að ársþing verði framvegis haldin fyrr á árinu. Vísað til allsherjarnefndar.

Gunnar Egilsson, Freyfaxa, flutti tillögu um að koma á jöfnunarsjóði til að styrkja flutning á kynbótahrossum og gæðingum til landsmóta. Vísað til kynbótanefndar.
Einnig flutti hann tillögu um það, að á komandi Evrópumótum íslenskra hesta verði ávallt túlkur, sem þýði yfir á íslensku það sem mótin varða.
Var þeirri tillögu vísað til allsherjarnefndar.

Albert Jóhannsson, formaður L.H., flutti drög að reglum um félagsréttindi í hestamannafélögum. Var erindi þessu vísað til allsherjarnefndar.

13. Nefndarstörf hófust kl. 18$\frac{15}{}$ og stóðu fram eftir kvöldi.

14. Fundur hófst að nýju kl. 10. f.h. daginn eftir og var tekið fyrir að ræða nefndarálit, en nefndir luku störfum kvöldið áður.

a) Álit kynbótanefndar framsögumaður Ármann Gunnarsson flutti eftirfarandi tillögu
„30. ársþing L.H. haldið að Flúðum 2. og 3. nóvember 1979 samþykkir að landsmótin styrki og skipuleggi flutning kynbótahrossa og gæðinga á landsmótsstað. Slíka styrki hljóti þeir, sem lengst þurfa að flytja hross sín hverju sinni.
Stjórn L.H. kveður nánar á um að höfðu samráði við framkvæmdanefndir mótanna hverjir hljóti styrkinn og hve hárri upphæð þeir nema."
Samþykkt samhljóða.

b) Álit fræðslunefndar fluttu Kristján Guðmundsson og Halldór Gunnarsson.
„30. ársþing L.H. haldið á Flúðum, dagana 2. og 3. nóv. 1979 samþykkir að í þeim tilgangi að auka útbreiðslu „Hestsins okkar" verði blaðið í tilraunaskyni sent inn á hvert heimili félagsmanna í hestamannafélögum og fylgi því kynningarbréf, sem gefi viðkomandi kost á áskrift að blaðinu. Jafnframt verði fjölgað í ritnefnd og fleiri hestamannafélög fái fulltrúa í henni, en nú er. Til aðstoðar ritnefnd verði í hverju félagi kjörinn trúnaðarmaður blaðsins, sem ritnefnd hafi beint samband við í sambandi við útbreiðslu og tengsl við félagsmenn. Ritstjóri blaðsins verði launaður að því marki, sem fjárhagur þess leyfir.
Auka þarf stórlega kynningu á blaðinu og koma því á framfæri víðar, en hjá félagsmönnum hestamannafélaganna."
Framsögumaður fyrir þessari tillögu var Kristján Guðmundsson. Gat hann þess að skoðanir hefðu verið skiptar í nefndinni um þetta efni. Taldi hann myndarlega væri staðið að blaðaútgáfu hjá hestamönnum með útgáfu „Hestsins okkar" og „Eiðfaxa", en þó mætti bæta þar um á ýmsan hátt með meiri tengslum við einstök félög og dreifa kröftunum meira til einstakra félaga.
Tillagan borin upp og samþ. með þorra atkvæða gegn 1.

„30. ársþing L.H. haldið að Flúðum dagana 2. og 3. nóvember 1979 samþykkir að námskeið á vegum L.H. fyrir dómara í gæðingakeppni skuli fara fram a.m.k. annað hvert ár í hverjum landsfjórðungi. Námskeiðin skulu haldin í samráði við hestamannafélögin og dómarafélag L.H. sem komi sér saman um námskeiðsstað og annað fyrirkomulag námskeiðanna. Stjórn L.H. skuli sjá um útvegun á leiðbeinendum."
Til máls tóku um tillöguna Matthías Gestsson, Haraldur Sveinsson, Sveinn Guðmundsson, Albert Jóhannsson. Matthías flutti breytingatillögu þess efnis, að L.H. beri allan kostnað af dómaranámskeiðum. Breytingartillagan var felld með öllum þorra atkvæða gegn einu.
Tillagan síðan samþ. samhljóða.



„30. ársþing L.H. haldið að Flúðum 2. og 3. nóv. 1979 samþykkir að fela stjórn L.H. að gefa út kynbótahrossadóma í lausblaðaformi árlega.
Jafnframt verði unnið að því að gefa út kynbótahrossadóma þess tíma, sem útgefnar ættbækur ná ekki til, því verki verði lokið innan 2ja ára."
Til máls tóku Þorkell Bjarnason, Albert Jóhannsson, Birkir Þorkelsson, Jónas Vigfússon, Skúli Kristjónsson, Ragnar Tómasson.
Ræðumenn skyldu ekki fullkomlega tilgang tillögunnar. Upplýsingar um dóma á kynbótahrossum voru birtir í „Hestinum okkar", sömuleiðis voru þeir fjölritaðir og seldir á hverju móti. Rætt var um útgáfu á ættbók hrossa og lögð áhersla á, að hraða útgáfu hennar. Þá þótti sumum of mikill seinagangur á ættbókarútgáfunni, en tillögur um það hefðu verið samþykktar áður á L.H. þingum. Þeir, sem tóku til máls lögðu sérstaka áherslu á að útgáfu ættbókar yrði hraðað svo sem kostur væri.
Framsögumaður svaraði athugasemdum við tillöguna og gerði tilraun til að útskýra hana.
Að lokum var tillagan borin undir atkvæði og samþ. með 42 atkv. gegn 29.

Þegar hér var komið fundi tók til máls annar fulltrúi L.H. í sýningarnefnd Búnaðarfélags Íslands Sigurður Haraldsson bóndi í Kirkjubæ og flutti skýrslu yfir störf sýninganefndar. Las m.a. fundargerð frá fundi nefndarinnar í vor.

Að þessu loknu var haldið áfram að leggja fram og ræða nefndarálit og tekið fyrir álit fjárhagsnefndar. Framsögumaður var Ágúst Ingi Ólafsson og lagði hann fram eftirfarandi álit:

„Nefndin leggur til að reikningar Landssambandsins verði samþykktir óbreyttir eins og þeir voru lagðir fyrir þingið."
Samþykkt samhljóða.

„Árgjöld aðildarfélaganna til L.H. verði kr. 1.500 á árinu 1980. Byggist þessi tillaga á fjárhagsáætlun, sem lögð var fyrir fjárhagsnefnd. Var það samdóma álit nefndarinnar, að með þessari tillög u væri aðeins mætt hækkandi verðlagi."
Samþ. samhljóða.

„30. ársþing L.H. haldið að Flúðum 2.-3. nóv. 1979 skorar á fjárveitinganefnd Alþingis að hækka starfsstyrk til L.H. og styrk til leiðbeininga í hestamennsku, þannig að þeir haldi verðgildi sínu miðað við upphaflega veitingu á fjárlögum.
Bent er á að fjárhagsþörf Landssambandsins mun stóraukast á næsta ári, þar sem ráðinn hefur verið framkvæmdastjóri samtakanna í þeim tilgangi að auka fræðslu og leiðbeiningastarf hjá aðildarfélögunum, en þau eru nú 44 talsins með um það bil 6000 félaga."
Samþ. samhljóða.

Þá var eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir árið 1980 borin fram og samþ. samhljóða:

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Árgjald 5.700 félaga 1500/- | kr. | 8.550.000.- |
| 2. Styrkur B.fél. Ísl. | - | 20.000.- |
| 3. Styrkur ríkissjóðs | - | 200.000.- |
| 4. Reiðskólastyrkur | - | 200.000.- |
| 5. Vaxtatekjur | - | 400.000.- |
| | Samtals kr. | 9.370.000.- |

Gjöld:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Skrifstofu aðstaða | kr. | 400.000 | | |
| Skrifstofuvinna | - | 4.500.000 | | |
| Pappír, fjölr. prentun | - | 500.000 | | |
| Póstur og sími | - | 400.000 | | |
| Ýmis gjöld | - | 200.000 | kr. | 6.000.000 |
| 2. Þinghald og fundir | | | - | 500.000 |
| 3. Akstur og ferðakostnaður | | | - | 1.600.000 |
| 4. Námskeið og fræðslustarfsemi | | | - | 500.000 |

| | | |
|---|---|---|
| 5. Skógarhólar | Kr. | 100.000 |
| 6. Landvernd | - | 40.000 |
| 7. Reiðskólastyrkir | - | 200.000 |
| 8. Afskriftir | - | 300.000 |
| 9. Ýmislegt ófyrirséð | - | 130.000 |
| | Samt. kr. | 9.370.000 |

Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.

Daði Runólfsson lagði fram tillögur allsherjarnefndar. Voru tillögur nefndarinnar með breytingum nefndarinnar eftirfarandi:
Tillaga Halldórs Gunnarssonar:
30. ársþing L.H. haldið að Flúðum 2.-3. nóvember 1979 samþykkir að fela stjórn L.H. og ritstjórn Hestsins okkar að vinna að því að áskrift að Hestinum okkar fylgi með í félagsgjöldum félagsmanna frá og með 1981.
Til að ná þessu fram, undirbúi stjórnin viðbót við lög sambandsins á næsta ársþingi, sem kveði á um þetta. Samhliða þessari breytingu verði hestamannafélögin skyld að halda nafnaskrá um félagsmenn og heimilisföng þeirra. Áskrift að Hestinum okkar sé þó ekki skyld nema hjá einum félagsmanni á sama heimili.
Gjaldkeri hvers hestamannafélags eða annar tilkvaddur trúnaðarmaður sendi afgreiðslumanni tímaritsins nöfn og heimilis föng nýrra félagsmanna eða brottfallinna félagsmanna eftir aðalfund félagsins.
Lagði nefndin til að tillagan yrði felld og var það gert með yfirgnæfandi meirihluta.

Tillaga frá hestamannafélaginu Gusti, Kópavogi. Ársþing L.H. haldið að Flúðum dagana 2. og 3. nóv. 1979 beinir því til stjórnar L.H. að komið verði upp girtum áningastöðum á helstu reiðlei ðum á hálendinu í samráði við sveitarfélög viðkomandi svæða. Einnig að leitað væri samráðs við Landgræðslu ríkisins um áburð á viðkomandi staði. Lagði nefndin til að tallagan yrði samþykkt.

Skúli Kristjónsson, Faxa, ræddi um ti llöguna og taldi hana ganga of stutt og samráð þyrfti að hafa við sveitarstjórnir um þessi mál.
Einnig ræddi Jón Leví Tryggvason um tillöguna þó hún gengi ef til vill ekki nógu langt.
Tillagan var borin upp og samþykkt samh ljóða.

Þá var borin fram tillaga frá hestamannafélaginu Freyfaxa:
30. ársþing L.H. haldið að Flúðum dagana 2. og 3. nóv. 1979 beinir þeim tilmælum til væntanlegrar stjórnar L.H. að hún beiti áhrifum sínum í þá átt, að á komandi Evrópumótum íslenskra hesta verði ávallt túlkur, sem þýði yfir á íslensku það sem mótin varða, af þeirri þjóðtungu, sem töluð er hvar mót fer fram. Lagði nefndin til að tillagan yrði samþykkt. Gunnlaugur Skúlason var sammála tillögunni en vill færa hana út á landsmótum hér.
Pétur Hjálmsson taldi tillöguviðauka Gunnlaugs sjálfsagðan.
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga frá Fáki:
30. ársþing L.H. haldið 2. og 3. nóv. 1979, að Flúðum, Hrunamannahreppi, samþykkir að beina þeirri tillögu til stjórnar L.H. að hún stuðli að aukinni þekkingu á ferðalögum á hestum og aðstoði þá sem stofna vilja til slíkra ferða, með leiðbeiningum um leiðir, meðferð á ferðahestum og annað er slíkar ferðir varðar.
Samþykkt samhljóða.



Tillaga Ármanns Gunnarssonar o.fl.:
30. ársþing L.H. að Flúðum 2.-3. nóv. 1979 beinir því til stjórnar L.H. að ársþingin verði framvegis haldin fyrr á árinu, t.d. í byrjun september. Lagði nefndin til að tillagan yrði samþykkt.
Þrúðmar Sigurðsson, Hornfirðingi, andvígur því að þingtími sé færður úr núverandi farvegi.
Ármann Gunnarsson, Hring, vill fá stjórnina til að nota heimild um breyttan þingtíma.
Haraldur Sveinsson, Fáki, taldi þessi mál hafa verið rækilega athuguð, en ef breytt verði um fundartíma, þarf að breyta gjalddaga árgjalda.
Tillagan var felld með 58 atkvæðum gegn 23.

Tillaga Sverris Hallgrímssonar og Sigurðar Thoroddsen Andvara:
30. ársþing L.H. haldið 2. og 3. nóvember 1979 að Flúðum, Hrunamannahreppi, samþykkir að bæta við 6. gr. laga L.H. eftirfarandi: Skipa skal formannaráð, sem í eiga sæti formenn allra aðildarfélaga á ári með formannaráðinu og skal hann haldinn að vori til, fyrir vorannir bænda.
Formannaráðið hefur aðeins tillögurétt á þessum fundum og skal stjórn L.H. gera formannaráðinu grein fyrir framgangi mála sem síðasta þing L.H. fól henni að vinna að.
Skúli Kristjónsson tók til máls.
Var tillagan felld með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Þá voru lögð fram drög að reglum um félagsréttindi í hestamannafélögum frá stjórn L.H. með breytingum allsherjarnefndar.
Til máls um tillöguna tók Pétur Hjálmsson og kom með breytingartillögu þess efnis, að inn kæmi 9. liður um að fjöldi þingfulltrúa á ársþingi L.H. skuli miðast við tölu félaga sem greitt er fyrir til L.H. Jón Leví Tryggvason kom með breytingartillögu um að niður falli í öðrum lið „Fyrir hver áramót" og í staðinn komi „Fyrir áramót sé breyting fyrirhuguð."
Halldór Gunnarsson ræddi um að menn ættu að vera aðalfélagar í sínu lögsagnarumdæmi.
Stefán Pálsson kom með tillögu þess efnis að 4. gr. falli niður þar sem hún er óþörf ef tillaga Péturs Hjálmssonar yrði samþykkt.
Jón Leví Tryggvason andmælti tillögu Halldórs Gunnarssonar. Ragnar Tómasson taldi nauðsynlegt að hafa frjálsar hendur um félagsaðild.
Steinþór Runólfsson taldi Halldór Gunnarsson hafa búsetu á svæði Geysis og því eðlilegt að hann komi yfir í það.
Daði Runólfsson mæltisttil þess að formaður L.H. skýrði betur hvernig tillögur þessar væru til komnar.
Halldór Gunnarsson ítrekaði að hér ættu félögin sjálf að ráða sínum málum.
Albert Jóhannsson taldi að þessi drög væru til að leysa úr brýnni þörf fyrir einhverjar reglur um félagsaðild, réttindi, til að samræma fyrirkomulag þessara mála.
Leifur Jóhannesson vildi fela stjórninni að gera ramma að lögum fyrir hestamannafélögin, sem síðan yrðu send út til félaganna til eftirbreytni, sem og til nýrra félaga og benti á meðferð Búnaðarfélags Ísl. á samskonar málum, sér til stuðnings.
Magnús Finnbogason taldi 2. gr. og 3. gr. til stórbóta, en að öllum hinum greinunum mætti sleppa.
Jón Leví tók til máls.
Daði Runólfsson taldi rétt að málinu yrði vísað aftur til stjórnarinnar til nánari úrvinnslu. Magnús Finnbogason sagðist hafa misskilið 1. gr. og vildi einnig að hún yrði samþykkt.
Þá var lesin upp tillaga frá Leifi Kr. Jóhannessyni og Agli B jarnasyni svohljóðandi:
Landsþing L.H. 1979 samþ. að fela stjórn sambandsins að láta gera drög að lögum fyrir hestamannafélög, sem geti verið til leiðbeiningar fyrir félögin og við stofnun nýrra félaga.
Ragnar Tómasson vildi samræma lög félaga innan L.H. Egill Bjarnason vildi samþykkja þrjá fyrstu liði tillögunnar en fela stjórninni að vinna úr öðru í samræmi við tillögu Egils og Leifs Kr. Jóhannessonar.

Þá var borin upp tillaga, sem þinginu var send frá Fáki, en nefndin vildi ekki gera hana að sinni. Birkir Þorkelsson óskaði eftir að tillaga Fáks yrði borin upp og var svo gert en hún er svohljóðandi:

„30. ársþing L.H. haldið 2. og 3. nóv. 1979 að Flúðum samþykkir að í góð-hestakeppnum aðildarfélaga L.H., skal hverjum knapa aðeins heimilt að sýna 1 hest í hvorum flokki."

Tillagan felld með 27: 82.

Erindi Magnúsar Ó. Jónssonar vísað til stjórnar L.H. með samhljóða atkv.

Tillaga frá mótanefnd. Framsögum. Jón M. Guðmundsson.

a) „30. ársþing L.H. haldið 2. og 3. nóvember 1979 samþykkir þær breytingar á kappreiðareglum sambandsins er milliþinganefnd hefir lagt fram með þeim viðaukum, sem gerðar hafa verið í meðförum þingsins.
Skal stjórn landssambandsins sjá um að fella breytingarnar inn í kappreiða-reglur og gefa þær þannig út til notkunar."

b) Við 17. gr. bætist: Verði hestar með sama tíma, en annar hafi legið á skeiði báða spretti, en hinn aðeins öðru sinni. Þá skoðast sá sem sigurvegari, sem báða sprettina liggur.

c) Hóptrygging skal gilda um allar kappreiðar aðildarfélaga L.H. samkvæmt sérstökum reglum, sem stjórn L.H. setur.
Hóptrygging sé tekin í samræmi við kappreiðaskrá L.H. og skal gilda um alla þátttakendur kappreiðanna, samkvæmt nánari skilgreiningu tryggingaskírteinis.
Umráðamenn keppnishesta skulu tryggja knapa þeirra hverju sinni.

Þessir tóku til máls. Birkir Þorkelsson, Haraldur Sveinsson, Jón Leví Tryggvason, Grímur Gíslason og Jón M. Guðmundsson.

Gerðu þeir ábendingar um orðalagsbreytingar, en lýstu sig í grundvallar-atriðum sammála tillögunum. Tvær fyrri tillögurnar samþ. samhljóða.

Haraldur Sveinsson flutti breytingartillögu við síðasta liðinn svohljóðandi: Í stað þeirra tillögu komi: „Stjórn L.H. skal leita til boða í hóptryggingu vegna kappreiða á þess vegum og aðildarfélaganna. Stefnt sé að því að hóptrygg-ing sé tekin vegna kappreiða samkvæmt kappreiðaskrá L.H. og gildi um alla þátt-takendur kappreiða, samkvæmt nánari skilgreiningu tryggingarskírteinis.

Umráðamenn keppnishesta skulu tryggja knapa þeirra hverju sinni."

Samþ. með 32 samhljóða atkvæðum og kom því c liðurinn ekki til atkvæða.

Tillaga mótanefndar: Framsögum. Jón M. Guðmundsson.

Breyting við 18. gr. kappreiðareglna.

„Ef sú staða kemur upp í skeiði að tveir eða fleiri hestar fá sama tíma í ýmsum riðlum og tími er látinn ráða úrslitum, ber að beita eftirfarandi reglum: Ef upp kemur sú staða í keppnisgreinum þar sem úrslit fara ekki fram að tveir eða fleiri hestar ná sama tíma bestum, skoðast sá sigurvegari sem betri tíma hefur náð á hinum sprettinum."

Þessi tillaga var borin fram af mótanefnd, en breytt að tillögu Birkis Þorkelssonar og þannig samþykkt eins og hún er bókuð með samhljóða atkvæðum.

Þá var borin upp eftirfarandi tillaga frá Fáki og samþ. samhljóða: „30. ársþing L.H. haldið 2. og 3. nóv. 1979 að Flúðum samþykkir viðbót við kapp-reiðareglur L.H. Fyrir kappreiðar og sýningar er bannað að gefa hrossum lyf, sem verka örvandi, róandi eða deyfandi og hafa með því áhrif á getu þeirra og afrek. Hver sá sem uppvís verður að slíku athæfi skal hafa fyrirgert rétti sínum og hrossa sinna til þátttöku í kappreiðum og sýningum, allt að næstu þrem árum."

Tillaga mótanefndar. Framsögumaður Sigurður Haraldsson.

„Þar sem þing L.H. 1978 ákvað að fela stjórn L.H. að taka ákvörðun um mótsstað fyrir næsta landsmót og það hefur þegar verið gert, ákveður þingið að vísa til-lögu Eyfirðinga frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."



Þar sem þetta var dagskrártillaga voru ekki leyfðar umræður um hana og var ákveðið að fram færi skrifleg atkvæðagreiðsla um hana og var svo gjört.

Tillagan var samþ. með 91 atkv. 30 voru á móti. Einn seðill var auður.

Þá var lögð fram síðasta tillaga mótanefndar:

„30. ársþing L.H. haldið 2. og 3. nóv. '79 að Flúðum samþykkir eftirfarandi: Til að keppnisvellir aðildarfélaga L.H. verði taldir fullgildir m.a. hvað varðar staðfestingu meta í hlaupum, skulu þeir halla- og lengdarmældir af sérstökum trúnaðarmönnum L.H. og fjarlægðir auðkenndar með jarðföstum merkjastaurum."

Samþ. samhljóða.

Var þá lokið við að afgreiða mál frá nefndum og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

15. Kosningar.
   a) Ritari í stað Jóns M. Guðmundssonar.
   b) Gjaldkeri í stað Haraldar Sveinssonar.
   c) Endurskoðendur í stað Ragnars Á. Magnússonar og Jóns Bjarnasonar og varaendur-skoðendur í stað Einars E. Kvarans og Bjarna E. Sigurðssonar.
   d) Vararitari í stað Péturs Hjálmssonar.
   e) Varagjaldkeri í stað Árna Guðmundssonar.

Jón M. Guðmundsson hvaddi sér hljóðs og baðst eindregið undan endurkostningu. Hann flutti þinginu þakkir fyrir samstarf fyrr og nú og óskaði L.H. heilla í störfum í framtíðinni.

Ritari var kjörinn Sigurður Haraldsson með 83 atkvæðum. Guðm. Birkir Þorkelsson hlaut 22 atkvæði og Hreinn Árnason 10 atkv. aðrir fengu færri atkvæði.

Vararitari: Pétur K. Hjálmsson baðst undan endurkosningu. Kosinn var Árni Guðmundsson, Akureyri með 82 atkvæðum. Birna Hauksdóttir hlaut 36 atkvæði.

Gjaldkeri. Haraldur Sveinsson tók til máls og baðst undan endurkosningu. Hann þakkaði fyrir gott samstarf og óskaði samtökunum allra heilla.
Kosningu hlaut Gísli B. Björnsson með 62 atkvæðum, Árni Björnsson hlaut 56 atkv.

Varagjaldkeri. Árni Guðmundsson var endurkosinn með lófataki með samþ. fundarins.

Endurskoðendur voru endurkjörnir þeir Ragnar Á. Magnússon og Jón Bjarnason og varamenn Einar E. Kvaran og Bjarni E. Sigurðsson.

Var nú dagskrá tæmd og komið að fundarlokum.

Formaður L.H. Albert Jóhannsson tók til máls. Hann þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum Jóni M. Guðmundssyni, Haraldi Sveinssyni og Pétri Hjálmssyni gott samstarf og vináttu þau ár, sem þeir hefðu starfað saman. Jafnframt bauð hann nýkjörna stjórnarmenn velkomna til starfa í stjórninni, þá þakkaði hann starfs-mönnum þingsins góð störf svo og þingfulltrúum öllum. Sérstakar þakkir bar hann fram til hestamannafélagsins Smára fyrir góðar móttökur og góðan undirbúning þinghalds, en fundarmenn eru boðnir til kvöldverðar að loknu þinghaldi af Smára. Þá gat formaður þess að boð hefði komið frá hestamannafélaginu Grana, um að næsta ársþing verði haldið þar. Hefði stjórn L.H. þáð boðið og samkv. því yrði næsta ársþing L.H. haldið að Húsavík.

Forsetar þökkuðu þingfulltrúum fyrir góða fundarsetu.

Formaður L.H. sleit síðan þinginu og óskaði öllum góðrar og farsællar heim-ferðar.

Ritarar og forsetar.

| | |
|---|---|
| Birgir Guðmundsson | Ingólfur Bjarnason |
| | Björn Sigurðsson |
| Magnús Finnbogason | Jónas Vigfússon |
| Leifur Kr. Jóhannesson | |

Lesið og yfirfarið 5/11 '79

Pétur Hjálmsson [signature: Pétur Hjálmsson]

HESTURINN OKKAR

## REKSTRARREIKNINGUR

1978

**Tekjur**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Áskrift og laussala | Kr. | 8.004.795 |
| 2. | Auglýsingar | " | 195.000 |
| 3. | Starfsstyrkur frá Búnaðarf. Íslands | " | 60.000 |
| 4. | Vextir | " | 219.739 |
| | samtals | Kr. | 8.479.534 |

**Gjöld**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Prentun, pappír, umslög | Kr. | 2.198.800 |
| 2. | Setning, umbrot, filmur, plötur | " | 2.213.940 |
| 3. | Burðargjöld | " | 1.101.052 |
| 4. | Dagpeningar ritstjóra | " | 385.000 |
| 5. | Skrifstofu og afgreiðslukostnaður | " | 492.645 |
| 6. | Akstur og ferðakostn. | " | 360.785 |
| 7. | Adressuplötur | " | 17.130 |
| 8. | Myndakostnaður | " | 66.780 |
| 9. | Ýmislegt | " | 7.550 |
| | Tekjuafgangur til höfuðstóls | " | 1.635.852 |
| | samtals | Kr. | 8.479.534 |

HESTURINN OKKAR

## EFNAHAGSREIKNINGUR

31. Des. 1978

**Eignir**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Bankainnstæður | | Kr. | 4.457.743 |
| 2. | Fyrirfram greidd húsaleiga | | " | 904.000 |
| 3. | Áhöld á skrifstofu | Kr. 53.948 | | |
| | Afskrifað áður | " 43.948 | " | 10.000 |
| | | samtals | Kr. | 5.371.743 |

**Skuldir**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Ógr. kostnaður pr. 31/12 | | Kr. | 1.020.847 |
| 2. | Höfuðstólsreikn. f.f.á | 2.715.044 | | |
| | + frá rekstrarreikn. | 1.635.852 | " | 4.350.896 |
| | | samtals | Kr. | 5.371.743 |

Reykjavík, 10. mars 1979

gjaldkeri

Framanskráða reikninga Hestsins okkar, fyrir árið 1978, höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið athugavert.
Við höfum sannreynt að tilfærðar bankainnistæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 27. oktober 1979.

Landssamband hestamannafélaga

## REKSTRARREIKNINGUR
## 1978

**Tekjur**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Ársgjald sambandsfélaganna | | Kr. 3.120.800 |
| 2. | Starfsstyrkur Búnaðarf. Íslands | | " 20.000 |
| 3. | " Ríkissjóðs | | " 200.000 |
| 4. | Reiðskólastyrkur " | | " 200.000 |
| 5. | Landsmót Skógarhólum | | " 500.000 |
| 6. | Sala minjagripa | | " 18.000 |
| 7. | Vextir | | " 912.524 |
| | | samtals | Kr. 4.971.324 |

**Gjöld**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Skrifstofuaðstaða | Kr. 233.039 | |
| | Skrifstofuvinna | " 350.000 | |
| | Pappír, fjölr. ritf. | " 213.715 | |
| | Póstur og sími | " 185.774 | |
| | Ýms gjöld | " 66.017 | Kr. 1.048.545 |
| 2. | Þinghald og fundir | | " 87.303 |
| 3. | Akstur og ferðakostnaður | | " 302.830 |
| 4. | Námskeið og fræðslustarf | | " 234.327 |
| 5. | Skógarhólar | | " 22.899 |
| 6. | Landvernd | | " 20.000 |
| 7. | Reiðskólastyrkir | | " 200.000 |
| 8. | Afskriftir | | " 159.295 |
| | Tekjuafgangur til höfuðstóls | | " 2.896.125 |
| | | samtals | Kr. 4.971.324 |

Landssamband hestamannafélaga

## EFNAHAGSREIKNINGUR
## 31. des. 1978

**Eignir**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Bankainnstæður | | Kr. 6.112.797 |
| 2. | Kvikmyndir | | " 20.000 |
| 3. | Eignir og áh. á skrifst. | Kr. 239.340 | |
| | + viðbót á árinu | " 61.000 | |
| | | " 300.340 | |
| | Afskrifað 1978 Kr. 46.000 | | |
| | " áður " 114.340 | " 160.340 | " 140.000 |
| 4. | Girðingar | 500 | |
| | + viðbót á árinu | " 202.795 | |
| | | " 203.295 | |
| | Afskrifað 1978 | " 73.295 | " 130.000 |
| 5. | Skógarhólasvæði | | " 25.000 |
| 6. | Skógarhólahús | | " 200.000 |
| 7. | Birgðir söluvarnings | " 70.000 | |
| | Afskrifað 1978 | " 40.000 | " 30.000 |
| 8. | Fyrirfr. gr. teikniv. v. bókaútgáfu | | " 100.000 |
| 9. | Fyrirfr. greidd húsaleiga | | " 856.000 |
| | | samtals | Kr. 7.613.797 |

**Skuldir**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Sindrablaðið | | Kr. 5.000 |
| 2. | Fræðslusjóður | | " 50.000 |
| 3. | Ógr. kostnaður pr. 31/12 1978 | | " 394.500 |
| 4. | Höfuðstólsreikningur f.f.á. | Kr. 4.268.172 | |
| | Frá rekstrarreikningi | " 2.896.125 | " 7.164.297 |
| | | samtals | Kr. 7.613.797 |

Reykjavík, 10. mars 1979

gjaldkeri

Framanskráða reikninga Landsambands hestamannafélaga, fyrir árið 1978 höfum við undirritaðir endurskoðað og ekkert fundið athugavert. Bankainnistæður eru fyrir hendi.

Reykjavík 27. okt., 1979.

Landssamband hestamannafélaga

Innkomin ársgjöld 1978

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hestamannafélagið | Andvari | | 55 | félaga | Kr. | 33.000 |
| " | Blakkur | 1977 | | | " | 800 |
| " | " | 1978 | 17 | " | " | 10.200 |
| " | Blær | | 46 | " | " | 27.600 |
| " | Dreyri | | 110 | " | " | 66.000 |
| " | Faxi | | 202 | " | " | 121.200 |
| " | Fákur | | 772 | " | " | 463.200 |
| Félag tamningamanna | | | 40 | " | " | 24.000 |
| Hestamannafélagið | Freyfaxi | | 146 | " | " | 87.600 |
| " | Funi | | 71 | " | " | 42.600 |
| " | Geysir | | 267 | " | " | 160.200 |
| " | Glaður | | 104 | " | " | 62.400 |
| " | Glófaxi | | 50 | " | " | 30.000 |
| " | Gnýfari | | 66 | " | " | 39.600 |
| " | Goði | | 26 | " | " | 15.600 |
| " | Grani | | 47 | " | " | 28.200 |
| " | Gustur | | 292 | " | " | 175.200 |
| " | Háfeti | | 83 | " | " | 49.800 |
| " | Hornfirðingur | | 162 | " | " | 97.200 |
| " | Hringur | | 88 | " | " | 52.800 |
| " | Hörður | | 130 | " | " | 78.000 |
| " | Kinnskær | | | " | " | 0 |
| " | Kópur | | 82 | " | " | 49.200 |
| " | Léttfeti | | 122 | " | " | 73.200 |
| " | Léttir | | 220 | " | " | 132.000 |
| " | Ljúfur | | 101 | " | " | 60.600 |
| " | Logi | | 101 | " | " | 60.600 |
| " | Máni | | 107 | " | " | 64.200 |
| " | Neisti | | 85 | " | " | 51.000 |
| " | Óðinn | | 50 | " | " | 30.000 |
| " | Sindri | | 169 | " | " | 101.400 |
| " | Sleipnir | | 263 | " | " | 157.800 |
| " | Smári | | 202 | " | " | 121.200 |
| " | Snarfari | 1977 | | " | " | 14.000 |
| " | " | 1978 | 37 | " | " | 22.200 |
| " | Snæfellingur | | 140 | " | " | 84.000 |
| " | Stígandi | | 137 | " | " | 82.200 |
| " | Stormur | | 60 | " | " | 36.000 |
| " | Sörli | | 209 | " | " | 125.400 |
| " | Trausti | | 82 | " | " | 49.200 |
| " | Þjálfi | | 97 | " | " | 58.200 |
| " | Þráinn | 1977 | | " | " | 6.400 |
| " | " | 1978 | 22 | " | " | 13.200 |
| " | Þytur | | 106 | " | " | 63.600 |
| | | | 5.166 | | Kr. | 3.120.800 |